

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/557
komudagur 5.12.2002

Efni: Breyting á lögum nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum 354.mál

Efnislega vantar betri rökstuðning um það hvers vegna verið er að sækja um löggildingu á starfinu. Stærsti hluti greinarinnar fer í það að lýsa hvernig tölvunarfræði er kennd í HR og HÍ, kerfisfræði "hugtakinu" og náminu á bak við það og svo öðrum styttri námsbrautum.

Ef grant er skoðað er ein línu í allri greininni sem getur hugsanlega rökstutt þessa löggildingu á "tölvunarfræðingur" sem starfsheiti. Það er sjötta síðasta línan á annarri síðu þar sem segir, "Hugbúnaðargerð krefst þekkingar og aga..." Leggja þarf áherslu á hvers vegna er verið að fara fram á löggildingu og hvað græðist á því. Læknar eru lögverndaðir, því það er samfélaginu í hag að eftirlit sé haft með því hverjir geta stundað lækningar. Lögfræðingar, verkfræðingar og önnur löggild/lögvernduð starfsheiti eru það einmitt vegna ástæðu.

Það er ágætis ástæða fyrir löggildingu á starfsheitinu "Tölvunarfræðingur", að hugbúnaðarpróun er viðkvæmt ferli og þar geta menn verið að vinna bæði með viðkvæmar upplýsingar og svo viðkvæm kerfi. Það er svipaður rökstuðningur og fyrir því að það þarf verkfræðing til að hanna brú, en ekki bara einhvern sem hefur "áhuga" á verkfræði og finnst gaman að byggja brýr.

Guðmundur Ásmundsson
Samtökum iðnaðarins